

**Ed.**

## **198. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Í 3. gr. 1. málsg. laga nr. 56 1926 komi í stað „1,75“: 1,86.

### **2. gr.**

1. málsg. 5. gr. sömu laga skal hljóða svo:

Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 18 ára að aldri og hafi öku-skirteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Enginn má þó stýra leigubifreið til mannflutninga nema hann sé fullra 20 ára að aldri.

### **3. gr.**

Í 6. gr. 2. málsg. sömu laga komi í stað „18“: 25,— í stað „40“: 50 — og í stað „15“: 30.

Á eftir sömu málsgrein komi 3 nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga um hámarkshraða ná þó ekki til bifreiða í lögreglu-  
eftirlits- eða læknisferðum.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að hámarksökuhraði á einstökum vegum og hámarksökuhraði þungra vörubifreiða og fólksbifreiða til mannflutninga, er flytja fleiri en 7 farþega, skuli vera lægri en hér greinir.

Samskonar ákvæði má setja um takmörkun ökuhraða á götum í kaupstöðum og kaupsýslum, ef bæjarstjórn eða hreppsstjórn gerir þar um samþykkt og ráðherra staðfestir.

### **4. gr.**

Í upphafi 1. málsg. 9. gr. sömu laga komi á eftir „Bifreiðarstjóri“: á leigubifreið til mannflutninga.

### **5. gr.**

10. gr. sömu laga skal orða þannig:

Ráðherra heimilast að setja gjaldskrá, er ákveði fargjöld með leigubif-

reiðum til mannflutninga. Einnig heimilast ráðherra að ákveða, að gjaldvísir skuli vera í leigubifreiðum til mannflutninga.

6. gr.

Framan við 15. gr. sömu laga bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Skylt er bifreiðarstjóra að sýna almenna varkárni við akstur og meðferð bifreiðar á almannafæri.

7. gr.

1.—2. málsgrein 17. gr. sömu laga skal orða svo (og jafnframt skal fella burt 3. málsgrein í sömu gr.):

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir hverja bifreið, fyrir bifreiðar, er flytja fleiri en 6 farþega, 20000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem á-byrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvihjóla bifreiðir og þær þrihjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

8. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist 3 nýjar greinar, er verða 19., 20. og 21. gr., svo hljóðandi:

1. Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.
2. Sérhver eigandi bifreiðar skal tryggja ökumann hennar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysa-tryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.
3. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun bifreiða og skoðun.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 14. júní 1929.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazi staðfestingu, skal fella teksta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem lög um notkun bifreiða.